

TÆKNIDEILD

Fiskifélags Íslands
Fiskveiðasjóðs Íslands

Sjávarútvegsnefnd
Neðri deildar Alþingis
b/t Þórðar Bogasonar, ritara
Þórshamri

Höfn, Ingólfssstræti
Pósthólf 20,
121 Reykavík.
Sími: 10500

Reykjavík 24. apríl 1990
Tlf. T64900004

Alþingi

Erindi nr. P 112 / 1002

komudagur 25/04 1990

komudagur

EFNI: Vardandi oliunotkun fiskiskipaflotans og tengda þætti.

Samkvæmt beiðni yðar simleiðis, 18. apríl 1990, var óskað upplýsinga um oliunotkun fiskiskipaflotans síðustu árin. Að mati Tækniideildar þarf að skoða hana í tengslum við aðra þætti, og einnig er lengra tímabil tekið en árin 1984 - 1989. Í töflum eru tölulegar upplýsingar og þykir rétt að gera litillega grein fyrir þeim.

Í töflu I er yfirlit yfir fjölda og stærð fiskiskipa í árslok viðkomandi ára, tímabilið 1971 - 1989, skv. skrá Fiskifélagsins. Hér er um að ræða þilfarsfiskiskip (ekki opna báta) og er í töflunni tilgreindar stærðirnar "samtals rúmlestir" og "samtals hestöfl" og meðalstærðir í brl og hö.

Í töflu II er yfirlit yfir heildaroliunotkun, skipt í gasoliu og svartoliu árin 1972 - 1989. Umræddar tölur eru samantekt Tækniideildar, og byggist á upplýsingum frá einstökum oliufélögum, og áætluðum tölum Tækniideildar um oliukaup erlendis, svo og svartoliunotkun fyrstu árin. Oliukaup erlendis eru m.a. byggð á ákveðnum upplýsingum (af og til í gegnum árin) um oliukaup fiskiskipa frá erlendum umboðsaðilum fiskiskipa vegna sölu á ísuðum fiski, auk þess hefur Tækniideild metið veiðar og sölur íslenskra fiskiskipa á bræðslufiski o.fl. Auk skiptingar á heildaroliunotkun í gasoliu og svartoliu, er skiptingin innanlandssala og áætluð kaup erlendis frá.

Í töflu III er yfirlit yfir sókn og afla, árin 1972 - 1989, þó með þeirri undantekningu að sókn árið 1989 liggur ekki endanlega fyrir, og aflatölur ársins 1989 eru bráðabírgðatölur. Sókn er eins og áður gefin upp í annars vegar úthaldsdögum, eins og þeir liggja fyrir hjá Fiskifélaginu, og hins vegar einingunni hestaflúthaldsdagar, þar sem stærð einingar er tekin inn í myndina, og í þessu tilviki vélarstærð skips. Þannig verður sókn skuttagara með 2000 ha vél 2000 fyrir hvern úthaldsdag, og 9.9 lesta báts með 100 ha vél 100 fyrir hvern úthaldsdag, og samtals 2100 fyrir bæði skipin á hvern úthaldsdag.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS - TÆKNIDEILD

Tæknideild tók upp á því árið 1979 að "vigta" afla yfir í "botnfiskigildi", sem þá þekktist ekki, og lagði til grundvallar verðmætisstuðla fyrir einstakar "fisktegundir", í hlutfalli við botnlægar tegundir. Verðmætisstuðlar byggðu á verðmæti í erlendum gjaldmiðli, miðað við vegið meðalgengi viðkomandi árs, og fært til verðlags ársins 1972, og verðmætisstuðull byggður á meðaltali áranna 1972 - 1978 til að jafna út verðsveiflur (sjá Ágír 12.tb1. 1979). Þótt ýmislegt hafi breyst á áratug, eru hér notaðir sömu stuðlar og áður. Í töflu III er annars vegar að finna heildaraflann (tölur FÍ í Ági) og hins végars heildaraflann í botnfiskigildi, byggt á gömlum stuðlum Tæknideildar.


Í töflu IV er sókn flotans og oliunotkun skipt eftir skipaflokkum, þ.e. togarar (fyrstu árin síðutogarar og skuttagarar) og vélbátar. Eins og taflan ber með sér nær skipting oliunotkunar til ársins 1984. Við höfum ekki náð að vinna upp síðustu fimm árin, en það verður væntanlega gert. Í töflunni er einnig tilgreindur fjöldi skipa, oliunotkun á sóknareiningu og meðalvélaraflí sóknareiningar.

Í töflu V er oliunotkunin tengd stærðunum afla í botnfiskigildi, og sókn í hestafli- úthaldsdagar fyrir einstök ár, fyrir öll þilfarsfiskiskip. Rétt er að geta þess að sókn opinna vélbáta er ekki tekin með, en hins végars afli þeirra. Oliunotkun o.v.b. er að mati Tæknideildar að einhverju leyti utan við tilgreinda heildaroliunotkun. Rétt er að geta þess að í stuðlinum oliunotkun á aflaeiningu er ekki tekið inn í myndina vinnsla og frysting afla um borð, sem aukið hefur verðmæti landaðra fiskafurða. Miklar breytingar hafa einmitt orðið á þessum þætti tímabil það sem sérstaklega er spurt um.

Í töflu VI er að finna meðalverð á brennsluoliu til fiskiskipa á árunum 1972 - 1989, þ.e. verð á gasoliu og svartoliu, og verðhlutfall, þ.e. verð á svartoliulítra deilt með verði á gasoliulítra.

Ekki verður hér farið út í það að túlka tölulegar upplýsingar í viðkomandi töflum.

Virðingarfyllst
f.h. Tæknideildar


Auðunn Ágústsson


Emil Ragnarsson

FISKIFÉLAG ÍSLANDS - TÆKNIDEILD

TAFLA I:

FJÖLDI OG STÆRD FISKISKIPA Í ÁRSLOK VIÐKOMANDI ÁRA

ÁR	FJÖLDI	SAMTALS RÚMLESTIR BRL	SAMTALS HESTÖFL HÖ	M.TAL BRL	M.TAL HÖ
1971	820	77.569	265.040	94.6	323.2
1972	877	82.986	297.903	94.6	339.7
1973	906	91.776	341.675	101.3	377.1
1974	925	97.021	381.134	104.9	412.0
1975	910	97.383	390.927	107.0	429.6
1976	893	96.614	393.101	108.2	440.2
1977	897	99.644	419.057	111.1	467.2
1978	905	104.362	441.351	115.3	487.7
1979	872	102.181	441.414	117.2	506.2
1980	874	105.222	457.704	120.4	523.7
1981	846	107.178	470.594	126.7	556.3
1982	840	109.929	482.872	130.9	574.9
1983	832	109.817	485.162	132.0	583.1
1984	830	111.062	490.634	133.8	591.1
1985	826	110.609	492.312	133.9	596.0
1986	821	111.317	497.547	135.6	606.0
1987	902	116.659	529.555	129.3	587.1
1988	956	119.700	555.144	125.2	580.7
1989	964	120.695	564.448	125.2	585.5

TAFLA II:

OLÍUNOTKUN FISKISKIPA ÁRIN 1972 - 1989

ÁR	GASOLÍA millj.litra	SVARTOLÍA millj.litra	SAMTALS millj.litra	OLÍUKAUP INNANL. millj.litra	OLÍUKAUP ERL.ÁÆTL. millj.litra
1972	103.1	27.1	130.2	116.0	14.2
1973	115.2	19.0	134.2	120.2	14.0
1974	145.2	11.1	156.3	141.5	14.8
1975	151.2	8.6	159.8	151.7	8.1
1976	146.8	12.0	158.8	151.9	6.9
1977	157.9	11.5	169.4	165.4	4.0
1978	173.1	14.4	187.5	178.4	9.1
1979	160.8	33.4	194.2	176.2	18.1
1980	140.2	63.3	203.5	182.5	21.0
1981	130.7	72.9	203.6	186.0	17.6
1982	128.2	81.6	209.8	191.6	18.2
1983	130.9	86.6	217.5	200.3	17.2
1984	151.1	66.2	217.3	192.4	24.9
1985	187.8	19.1	206.9	177.7	29.2
1986	198.8	25.4	224.2	198.0	26.2
1987	226.3	16.4	242.7	216.3	26.4
1988	238.4	22.0	260.4	229.5	30.9
1989	239.1	25.5	264.6	234.5	30.1

Eðlisþyngd G.O. 0.845 g/l
 S.O. 0.92 g/l

FISKIFÉLAG ÍSLANDS - TÆKNIDEILD

TAFLA III:

SÓKN OG AFLI ÁRIN 1972 - 1989

ÁR	Úth.d. þús	SÓKN			AFLI	
		Hö-úth.d. millj.	Meðal- vélaraf HÖ	Heildaraflí þús.tonn	Afli í botnfisk- ígildi þús.tonn	
1972	186.8	77.5	415	726.0	509.8	
1973	176.7	82.3	466	907.4	544.5	
1974	180.4	93.0	515	944.4	556.1	
1975	181.3	99.9	551	994.3	576.1	
1976	182.2	101.3	556	985.7	587.7	
1977	185.3	107.7	581	1374.0	663.3	
1978	177.2	112.7	636	1566.2	698.5	
1979	170.9	115.0	673	1648.6	811.1	
1980	171.1	118.3	692	1514.3	875.0	
1981	171.9	121.7	708	1440.8	895.0	
1982	173.4	123.4	712	788.5	805.7	
1983	182.1	133.6	734	838.9	753.1	
1984	176.8	130.6	739	1535.9	837.2	
1985	176.7	128.7	728	1680.3	871.8	
1986	191.0	135.6	710	1656.2	953.5	
1987	198.1	148.1	748	1632.3	1014.1	
1988	221.4	160.9	727	1758.4	1038.2	
1989				1522.0*	1004.8*	

* Áætlaðar tölur.

TAFLA IV:

SKIPTING EFTIR SKIPAFLOKKU

ÁR	VÉLBÁTAR						Meðal-afl HÖ
	Fj.	Úth.d þús.	Ha.úth.d millj.	Oliu- notk. millj.	Oliun./sókn 1/ha.úth.d		
1972	811	178.3	66.0	82.1	1.24		370
1973	819	165.8	64.5	79.1	1.23		389
1974	812	164.3	62.9	78.2	1.24		383
1975	797	163.2	65.4	81.2	1.24		401
1976	790	161.7	61.7	74.5	1.21		382
1977	782	163.3	65.1	77.7	1.19		395
1978	788	153.1	67.0	86.0	1.28		438
1979	766	145.3	65.8	88.4	1.34		453
1980	735	143.7	65.4	86.6	1.32		455
1981	729	143.2	65.9	83.0	1.26		460
1982	719	142.7	64.5	77.8	1.21		452
1983	710	149.2	70.7	78.5	1.11		474
1984	704	144.2	69.1	84.0	1.22		479
1985	695	145.7	71.1				488
1986	713	157.0	73.3				467
1987	768	163.4	83.0				508
1988	832	186.3	93.8				504

M, SÓKN OG OLÍUNOTKUN.

TOGARAR

Fj.	Úth.d þús.	Ha.úth.d millj.	Oliu- notk. millj.	Oliun./sókn l/ha.úth.d	Meðal afl Hö
30	8.5	11.5	48.1	4.18	1352
47	10.8	17.8	55.1	3.10	1637
61	16.2	30.1	78.1	2.59	1861
63	18.2	34.5	78.6	2.28	1902
64	20.4	39.5	84.3	2.13	1934
74	22.0	42.6	91.7	2.15	1934
76	24.1	45.7	101.5	2.22	1893
81	25.6	49.2	105.8	2.15	1918
87	27.4	53.0	116.9	2.21	1933
91	28.8	55.8	120.6	2.16	1938
101	30.6	58.8	132.0	2.24	1921
104	32.8	62.8	139.1	2.21	1912
108	32.6	61.5	133.3	2.17	1885
107	31.0	57.6			1857
107	34.0	62.2			1860
113	34.7	65.1			1878
116	35.0	67.0			1915

TAFLA V:

OLÍUNOTKUN Á SÓKNAR- OG AFLAEININGU.

ÁR	SÓKN Hö-úth.d.	AFLI Afli í botnf. ígildi	OLÍUNOTKUN millj.litra	ORKUSTUÐLAR l/hö.úth.d	l/tonn botnf.igildi
1972	77.5	509.8	130.2	1.68	255
1973	82.3	544.5	134.2	1.63	246
1974	93.0	556.1	156.3	1.68	281
1975	99.9	576.1	159.8	1.60	277
1976	101.3	587.7	158.8	1.57	270
1977	107.7	663.3	169.4	1.57	255
1978	112.7	698.5	187.5	1.66	268
1979	115.0	811.1	194.2	1.69	239
1980	118.3	875.0	203.5	1.72	233
1981	121.7	895.0	203.6	1.67	227
1982	123.4	805.7	209.8	1.71	260
1983	133.6	753.1	217.5	1.63	289
1984	130.6	837.2	217.3	1.66	260
1985	128.7	871.8	206.9	1.61	237
1986	135.6	953.5	224.2	1.65	235
1987	148.1	1014.1	242.7	1.64	239
1988	160.9	1038.2	260.4	1.62	251
1989			264.6		

FISKIFÉLAG ÍSLANDS - TÆKNIDEILD

TAFLA VI:

MEDALVERD GASOLÍU OG SVARTOLÍU EINSTÖK ÁR (1972 -1989)
OG VERÐHLUTFALL.

ÁR	GASOLÍA kr/litra	SVARTOLÍA kr/litra	VERÐHLUTFALL s.o/g.o. %
1972	3.96	2.55	64.4
1973	5.35	3.07	57.4
1974	5.85	3.34	57.1
1975	6.06	2.08	34.3
1976	23.57	14.53	61.6
1977	30.51	21.27	69.7
1978	42.69	27.52	64.5
1979	105.77	56.66	53.6
1980	179.77	107.70	59.9
-----	-----	-----	-----
1981	2.66	1.88	70.7
1982	4.41	2.84	64.4
1983	7.97	5.84	73.3
1984	8.90	7.35	82.6
1985	11.20	10.03	89.6
1986	8.76	6.78	77.4
1987	7.76	6.05	78.0
1988	8.83	6.12	69.3
1989	11.86	8.26	69.6

Verð frá og með 1981 eftir gjaldmiðilsbreytingu.